

98. fundur skráningarráðs haldinn 14. janúar 2016 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-11.30

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar, Helga Kristín Gunnarsdóttir, fagstjóri tímarita á Lbs og Rósa Björg Jónsdóttir, skrásetjari á Lbs-Hbs.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt

2. Undanþágubeiðni frá Magnhildi um framlengingu á skráningarheimild vegna veikindaleyfis á meðan þau standa yfir. Undanþágubeiðnin samþykkt.

3. RDA-skráning á tímaritum – lokaskjal. Helga Kristín kynnti lokaútgáfu skráningarleiðbeininga fyrir tímarit í Gegni. Skjalið var samþykkt með fyrirvara um nokkrar breytingar:

- Breyta þarf orðalagi í sviði 039 um kóða fyrir skil í Rafhlöðu.
- Skoða þarf fyrri vísa í sviði 264. Tímaritin virðast vera sér á parti með þessa vísa. Það þarf að athuga hvernig á að birta upplýsingarnar á leitir.is og hvernig þeir virka. Einnig hvernig á að setja upplýsingarnar fram í Handbók skrásetjara.
- Svið 580 og sum 7XX birtast ekki, en upplýsingarnar í þeim ættu að koma fram í færslum. Birtingarhópur þarf að fara yfir þetta.
- Skoða þarf hvaða fyrirsögn er heppileg fyrir deilisvið |i í sviði 776

4. RDA-skráning á nótum – lokaskjal. Rósa Björg kynnti lokaútgáfu skráningarleiðbeininga fyrir nótnaskráningu í Gegni. Skjalið var samþykkt með fyrirvara um nokkrar breytingar:

- Bæta við upplýsingum í inngang um hvenær sé æskilegt að skrá prentað efni sem nótur (MU) og hvenær sem BK. Samþykkt að vinna út frá viðmiðum Lbs. um að ef 60% viðfangs eða meira sé nótur, gítargrip o.þ.h. skuli skrá viðfang sem MU.
- Stjörnumerking fyrir skyldusvið. Enn er ekki samræmi í því milli skjala fyrir hvað þetta stendur. Þessi merking er ekki til staðar í kortaskjali eða bókaskjali. Talsmenn hópa þurfa að samræma þau skjöl þar sem þessi merking er notuð.
- Öll dæmi um deilisvið |i í sviði 700 fjarlægð úr skjali. Deilisviðið færast aftast þegar upplýsingar fyrir deilisvið |a, |e og |t eru sóttar. Þarf að skoða betur því þetta svið þyrfti helst að virkja og birta.
- Upplýsingar um hvaða skráningarupplýsingar í sviði 264 eru grunnatriði (core) í RDA verða uppfærðar

5. Önnur mál

- Leiðbeiningar um skráningu á höfundarréttarári verða ekki samhljóða fyrir bækur og nótur (og tónlist) – í skjali með ákvörðunum skráningarráðs þarf líklega að koma fram fyrir hvaða tegundir efnis ákvarðanir hafa verið teknar. Með því er komið í veg fyrir að leiðbeiningar sem eiga aðeins við um tiltekna tegundir efnis séu yfirfærðar á allar tegundir.
- Leiðbeiningar bókahóps eru enn í vinnslu og yfirllestri. Skjalið verður sent til skráningarráðs til yfirlstrar fyrir næsta fund svo hægt sé að taka það efnislega fyrir á sama hátt og gert hefur verið með skjöl hinna hópanna.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 21. janúar og verður kl. 9-13